

# Nesfréttir

DESEMBER 2017 • 12. TBL. • 30. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



**Hádegistilboð**

Frið. kl. 11-16

**LÍTIL PIZZA**  
af matsæli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

**MIÐSTÆRÐ**  
af matsæli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP [WWW.DOMINOS.IS](http://WWW.DOMINOS.IS)



## Keilumót bæjarstjórnar og Ungmennaráðs

Fyrsta keilumót bæjarstjórnar og Ungmennaráðs Seltjarnarness var haldið í Egilshöll þann 20. nóvember sl. Kept var í tveimur 7 manna liðum og höfðu keppendur undirbúið sig vel fyrir mótið. Úrslit urðu þau að lið Ungmennaráðs sigraði lið bæjarstjórnar en Magnús Örn bæjarfulltrúi átti hins vegar stigahæstu leikjaröðina.

Stemningin var góð hjá keppendum eins og sjá má á myndinni en þar eru í efri röð: Stefanía Helga, Stefán Nordal, Oliver Allen, Kristján Hilmir, Jóhann Þór, Thelma Hrund og Thelma Karen.

Í neðri röð: Ásgerður, Guðmundur Ari, Magnús Örn, Sigurþóra, Árni, Bjarni Torfi og Sigrún Edda.



## SÆKTU RADDSTYRK Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Voxis hálstöflur úr íslenskri ætihvönn



Klassískur Voxis, sykurlaus eða sykurlaus með engifer.



SAGA MEDICA



- Viðtal við Guðmund innrammara - bls. 14-15



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka er endurgjaldslaust til ársloka

Íslandsbanki

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMÆÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMÆÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Samfélag nálægðarinnar

Seltjarnarnes virðist verða að byggjast að fullu? Flestir taka trúlega undir þau sjónarmið að ekki verði byggð á Vesturhluta Nessins – þess hluta sem er óbyggður en hefur að geyma gömul tún og haga frá þeim tíma að útvegsbúskapur var undirstaða mannlífs á Seltjarnarnesi.

Fyrir nokkru var efnt til samkeppni um framtíð miðbæjarsvæðisins við Eiðistorgið. Í verðlaunatillögu var lögð til allnokkur íbúðabyggð umhverfis Torgið – þar á meðal byggingar háhýsa sunnan í Hrólfsskálamel og við Norðurströnd. Þessar hugmyndir hlutu takmarkaða náð í augum Nesbúa og ýmsir fundu henni flest til foráttu. Síðan hefur lítið verið rætt um þessar hugmyndir.

Um árabíl hefur verið áformað að breyta Byggarðsvæðinu úr iðnaðar- í íbúðabyggð. Þegar hefur hluti gamalla og illa farina iðnaðarbygginganna verið rifnar og áform eru um að þær hverfi allar. Hafin er undirbúningur að nýrri byggð meðal annars með lagningu vatns, hita og frárennislagna. Talið er að þar geti orðið búsvæði fyrir um 500 manns. Með þeirri viðbót gæti skapast um fimm þúsund manna samfélag á Seltjarnarnesi.

Nokkrar deilur hafa verið um þessar framkvæmdir. Þær hafa einkum snúið að því að ekki verði byggt of mikið, ekki of hátt og að íbúafjöldi verði takmarkaður.

Spurning er um hvað menn óttast. Er það breyting á umhverfi, skaði á náttúrunni eða andstaða við íólksfjöldun. Eflaust koma allir þessir þættir við sögu. Mörgum er annst um það samfélag sem hefur byggst og þróast á Seltjarnarnesi. Samfélag nálægðarinnar – samfélag þorpsbragsins þar sem menn þekkja mann og annan. Þessi hugsun og sjónarmið hafa oft komið fram í viðtölum sem Nesfréttir hafa átt við fólk á Seltjarnarnesi. Spurning er hvort engin ástæða sé til þess að fjölga Seltirningum að ráði?



## Fjölmennt rithöfundakvöld í bókasafninu

Um 100 manns sóttu hið árlega rithöfundakvöld Bókasafns Seltjarnarness sem fór fram þriðjudaginn 21. nóvember og var afar vel heppnað.

Gestir að þessu sinni voru Bubbi Morthens með nýja ljóðabók sína Hreistur. Oddný Eir Ævarsdóttir með bókina Undirferli, Sólveig Pálsdóttir með nýja glæpasögu, Refurinn og Ármann Jakobsson með nýja skáldsögu sína Brotamynd. Sunna Dis Másdóttir stýrði umræðum. Aðgangur var ókeypis og boðið upp á kaffi og kruðerí í hléi. Í Gallerí Gróttu sama dag tók Guðrún Einarsdóttir á móti gestum á sýningu sína og svaraði fyrirspurnum.



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu.*

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband  
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á  
Facebook



# Meira tilbúið



## TILBOÐ

Eldgrillaður kjúklingur  
og 2 lítrar af Coca Cola

1.699 kr.

# HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga



## Nýtt jólaskraut með sparperum

Eins og bæjarbúar hafa séð þá er nú búið að skreyta bæinn með jólaljósum sem munu ylja okkur frameftir janúarmánuði. Jólaljósir ljúsa því upp Seltjarnarnesið í skammdeginu.

Jólaskrautið sem nú var sett upp er glænýtt en þó eins útlítandi og það var áður enda almenn ánægja með það. Gamla skrautið sem var orðið um 20 ára gamalt var farið að gefa sig auk þess sem nú var farið í sparperur eða svokölluð LED ljós. Jólaljósir prýða allar stofnbrautir bæjarins og út að bæjarmörkum beggja vegna sem og í kringum Eiðistorgið.



Hér má sjá starfsmenn bæjarins setja upp og skreyta jólatréð sem mun prýða Norðurströndina.

## Jólailmur í Való



Drengir í 7. bekk Valhúsaskóla undirbúa skúffukökugerð í nýju kennslueldhúsi skólans.

Jólailm leggur þessa dagana um Valhúsaskóla frá nýju kennslueldhúsi skólans. Nemendur í heimilisfræði elda nú og baka við frábærar aðstæður, en heimilisfræðistofan var endurnýjuð sl. sumar.

Framkvæmdir tókust afar vel og eldhúsið er allt hið glæsilegasta. Öllum innréttingum var skipt út, öll tæki endurnýjuð og er vinnuástaðan nú fyrir 14 nemendur samtímis. Að sögn Bjargeyjar Aðalsteinsdóttur heimilisfræðikennara mun þetta síst verða til þess að draga úr vinsældum heimilisfræðinnar meðal nemenda, enda alltaf bæði skemmtilegt að elda og baka auk þess sem það kemur alltaf að góðu gagni að geta lesið uppskriftir.

## Bóksafnið fær sögu Faxaflóahafna

Nýlega barst Seltjarnarnesbæ vegleg gjöf frá Faxaflóahöfnum, bækurnar "Hér heilsast skipin". Tilefnið var að þann 16. nóvember sl. voru liðin 100 ár frá því að Gamla höfnin var formlega tekin í notkun.

Mikil saga er í bókunum tveimur sem eru auk þess afar vandaðar og fallegar. Þær eru nú komnar út á fyrir alla Seltirninga að njóta. Seltjarnarnesbær færir hér með Gísla Gíslasyni hafnarstjóra og öllum hinum hjá okkar allra bestu þakkir fyrir gjöfina og hamingjuóskir á afmælisárinu.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



**Framrúðuskipti**  
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



**Mössun / snyrting á lakk**  
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



**Dekkþjónusta**  
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



**Rétting og máling**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennð efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



**Bílaþvottur / djúphreinsun**  
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



**Innréttingar / skilæði**  
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



**Smáviðgerðir**  
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu sliffata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



NAUTALUND

# WELLINGTON

Kjötkompaní

*Munio að þanta tímanlega*

[www.kjotkompani.is/jolin](http://www.kjotkompani.is/jolin)

*Hafnarfirði & Grandá*



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

# Fyrsta desember hátíð Valhúsaskóla


Hin árlega 1. des hátíð 10. bekkinga í Valhúsaskóla var haldinn með glæsibrag í Félagsheimili Seltjarnarness. Á þessu kvöldi bjóða unglingarnir foreldrum sínum til veislu, sýna skemmtiatriði, flytja leikrit og dansa. Mikill vinna liggur að baki og flestir nemendur í 10. bekk komu með einu eða öðrum hætti að undirbúningi hátíðarinnar undir leiðsögn starfsfólks Selsins og Valhúsaskóla.

Dagskráin hófst með ávarpi formanns nemendaráðs, Killians G. E. Brianssonar. Að því loknu söng Katrín Anna Karlsdóttir vinningslagið úr söngkeppni Selsins. Þá var komið að söngleikum Made in USA þar

sem að 37 leikarar stigu á svið undir leikstjórn Sunnu Maríu Helgadóttur starfsmanni Selsins. Auk leikara voru 6 tækni- og sviðsmenn sem tóku þátt í sýningunni. Sýningin var frábær í alla staði og eiga leikstjóri og nemendur hrós skilið. Eftir leiksýninguna var boðið upp á veitingar og síðan sveifluðu nemendur foreldrum sínum á dansgólfinu en þær Metta og Hrund þjálfuðu unglingana í danslistinni í íþróttatímum vetrarins. Hljómsveitin Stuðlabandið hélt síðan uppi stuðinu fram að miðnætti og fóru allir glaðir og kátir heim að lokinni vel heppnaðri skemmtun.




## FRÆÐANDI OG FYNDNAR!



Íslandstengdar frásagnir úr seinni heimsstyrjöldinni.




Hún lék hlutverk hins harða sjómanns þar til hún gat ekki meira og ákvað að berjast fyrir tilveru sinni sem kona.



Mergjaðar gamansögur af íslenskum sjómönnum.



Átök í þorskastríðinu, sérkennileg jötagjafaáratta, örnefni á sjó og margt fleira.



Landsins mesti braskari leysir frá skjóðunni og heimur sem fæst okkar þekkjum kemur í ljós.



Þessi verður að vera til á hvaða einasta heimili líka á Hrafnabjörgum!

**gæludýr.is**

# FISKISLÓÐ



**Við erum komin  
í vesturbæinn!**



- VERIÐ VELKOMIN -

# Arna

## ís- og kaffibar



**VERIÐ VELKOMIN  
TIL OKKAR Á EIÐISTORGIÐ**

Við bjóðum upp á kaffi og ótal bragð-  
tegundir af dásamlegum Örnú ís.

**OPIÐ 9-21 ALLA DAGA**  
EIÐISTORG 15 · 170 SELTJARNARNES

**Nesfréttir**

**Auglýsingasími 511 1188**

## Seltjarnarnesbær

### boðar verulega lækkun fasteignaskatts árið 2018

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2018 var samþykkt einróma í Bæjarstjórn Seltjarnarnes við aðra umræðu miðvikudaginn 29. nóvember sl. Áttunda árið í röð var fjárhagsáætlunin unnin í góðu samstarfi allra flokkanna og haft að leiðarljósi að styðja vel við grunnþjónustu bæjarfélagsins, s.s. skóla- og menntamál, forvarnarstarf og félagslega þjónustu.



Ásgerður  
Halldórsdóttir.

Álagning fasteignagjalda í A-flokki lækkar úr 0,20% í 0,175% af matsverði íbúðarhúsnæðis og stendur því nánast í stað þrátt fyrir umtalsverða hækkun fasteignamats. Lóðar og álagningarprósenta útsvars verður langt undir hámarki eða 13,70%, en hámarkið er 14,52%.

Leikskólagjöld verða áfram lægst á höfuðborgarsvæðinu og tólmundastyrkir verða á árinu 50.000 krónur með hverju barni 6 – 18 ára. Dagvistunarkostnaður foreldra með börn hjá dagforeldrum verður sá sami og ef barnið væri í leikskóla Seltjarnarnes.

Helstu framkvæmdir ársins 2018 munu felast í því að ljúka byggingu hjúkrunarheimilis sem telur 40 rými. Ásamt ýmsum almennum viðhaldsframkvæmdum bæjarins verður unnið að endurnýjun íþróttamiðstöðvarinnar sem og verður byggður íbúðakjarni fyrir fatlað fólk. Að auki er gert ráð fyrir kaupum á félagslegu húsnæði sem fjármagnað verður með lántöku.

Skuldahlutfall Seltjarnarnesbæjar er nú komið undir 50% og fer lækkandi á hverju ári.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

HRINGBRAUT 121, 101 REYKJAVÍK - WWW.MIR.IS - S.551-1990

# NÁMSKEIÐ VOR 2018

## MYNDLISTASKÓLINN

# SKRÁNING ER HAFIN

Í REYKJAVÍK




# Vestfjarðabækurnar 2017



## Allt þetta fólk.

Þormóðssýsið 18. febrúar 1943 var mikill harmleikur. Líf heillar byggðar og flestra fjölskyldna þar gjörbreyttist og bar merki þess uppfrá því. Hér er í fyrsta sinn fjallað um þennan mikla harmleik í heild eftir öllum tiltækum heimildum. Frásögn sr. Jakobs lætur fáa ósnortna.



## Vestfirzkar sagnir 4. hefti.

Úr reynsluheimi forfeðranna í harðbýlum landshluta. Margar sagnir færði Helgi Guðmundsson í fyrsta sinn til bókar eftir margra alda munnlega geymd. Þar komu skilgóðir heimildamenn við sögu.



## Sólin er klukkan sjö á Hreiðarsstaðafjallinu.

Jóhannes Sigvaldason er Svarfdælingur. Vann fyrir bændur alla tíð. Fór í pólitík og botnaði ekkert í henni! Framsóknarmenn á Akureyri fóru sjaldan með glens og gamanmál. Það þótti honum svolítið merkilegt.




## 100 Vestfirzkar gamansögur 1. bók.

Þeir eru orðheppnir og miklir hómoristar, Vestfirðingarnir! Græskulaus gamansemi sem allir hafa gott af. Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða, sagði Eiríkur skipherra.




## Vestfirðingar til sjós og lands.

Já, Vestfirðingar í bak og fyrir. Ef einhver ber af í þjóðfélaginu er hann visast að vestan. Kraftur, hugrekki og hjálpssemi er lífselexir Vestfirðinga ásamt hómornum. Manngildi meta þeir í dugnaði og slíku, síður í peningum!



## Hjólábókin, 5. bók Rangárvallasýsla.

Viltu ferðast á frábæra staði og samt losna við fjölmenni? Þá er reiðhjólid rétti ferðamátinu. En það merkilega er að hjólábækurnar hans Smára eru ekki bara fyrir þá sem eru á hjóli, heldur alla ferðalanga á Íslandi.



## Þorp verður til á Flateyri 2. bók.

Flateyri við Önundarfjörð. Merkileg bréfasöfn úr kofforti og kommóduskúffu koma við sögu þegar hún Jóhanna rifjar upp ýmislegt um sína ástkæru heimabyggð og nærsveitir.



*Vestfirzka forlagið*

Upp með Vestfirði!  
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is  
www.vestfirzka.is



## Fortunu slysið í Eyvindarfríði á Ströndum 1787.

Ótrúleg saga sem þeir Guðlaugur og Jón rifja upp. Þeir notast eingöngu við frumheimildir úr Þjóðskjalasafninu. Þjörgunarmenn voru margar vikur að komast á strandstað.

**Vestfjarðabækurnar fást í bókaverslunum um land allt!**

# Leggjum mikið upp úr að höfða til breiðs hóps

- segir Margrét Sigurðardóttir æskulýðs- og tómsundafulltrúi

Um síðastu áramót voru gerðar skipulagsbreytingar á frístundamálum á Seltjarnarnesi. Frístundamálaflakurinn tilheyrði áður íþrótt- og tómsundasvið en var fluttur undir fræðslusvið og eru nú frístundaheimilið Skjólíð, félagsmiðstöðin Selið og ungmennahúsið Skelin rekin undir sameiginlegri stjórn frístundamiðstöðvar Seltjarnarness. Skjólíð er frístundaheimili fyrir börn í fyrsta til fjórða bekk í grunnskóla og þangað geta þau farið í frístundastarf að skólatíma loknum og dvalið til klukkan fimm á daginn þar til hefðbundnum vinnutíma foreldra lýkur. Selið er með félagsstarf fyrir 16 ára og yngri og Skelin er fyrir ungmenni 16 ára og eldri. Margrét Sigurðardóttir er æskulýðs- og tómsundafulltrúi Seltjarnarnesbæjar og veitir starfsemi frístundamiðstöðvarinnar forstöðu. Hún er ekki ókunnug þessum málum á Seltjarnarnesi enda hefur hún starfað þar um árabil og margir þekkja hana sem Möggu í Selinu. Nesfréttir spjölluðu við Margréti á dögnum.

„Nei, – ég er ekki flutt á bæjarskrifstofuna. Það hefur komið til tals en ég vil vera á gólfinu með mínu fólki. Þannig tel ég mig hafa betri yfirsýn og vera aðgengilegri börnum, unglingum og starfsfólki heldur en ef ég sæti á skrifstofu í öðru húsi. Mér finnst mikilvægt að stjórnandi sé á staðnum og ég flakka svolítið á milli starfsstöðvanna með tölvuna og farsmann. Það eru í raun þau tæki sem ég þarf við dagleg störf. Við erum þrjú sem erum með þessi mál á okkar könnu, ég, Guðmundur Ari Sigurjónsson, sem er forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og ungmennahússins, og Rut Hellenardóttir forstöðumaður barnastarfs. Við myndum stjórnaðahóp yfir þessum stofnunum, leiðum faglegt starf, sinnum daglegum störfum starfsstöðvanna og sjáum um ráðningarmál. Allt þetta er unnið í góðri samvinnu við Baldur Pálsson sviðstjóra fræðslusviðs.“

## Með góðri samvinnu hefur tekist að efla og bæta félagsstarfið

Margrét segir álagstíma í þessu starfi eins og í flestum störfum sérstaklega á haustin þegar starfið



Margrét Sigurðardóttir.

er að fara af stað eftir sumarfrí og eins í kringum ákveðna viðburði og verkefni. „En þá kemur gamla góða keppnisskapið upp í mér – keppnisskapið frá þeim tíma þegar ég var í fótboltanum og með góðri samvinnu verða þessi tímar bara skemmtilegir. Ég hef mikinn metnað og vil að við gerum hluti faglega og vel til að ná árangri. Ég er líka svo lánsöm að hafa metnaðarfullt og gott starfsfólk í kringum mig. Fólk með góða menntun, þekkingu og reynslu sem nýtist því vel í störfum þeirra. Það er lykullinn að því að ná góðum árangri.

Við finnum leiðirnar í sameiningu og vinnum á lýðræðislegan hátt með börnum og ungmennum. Við höfum einnig átt mjög gott samstarf við Grunnskóla Seltjarnarness alveg frá aldamótum og okkar fólk hefur unnið með starfsfólki í skólanum. Með góðri samvinnu hefur okkur tekist að efla félagsstarfið og byggja gott starf upp fyrir börnin og unglingana.

## Daglegur opnunartími til kl. 22:00 á kvöldin

Margrét segir mikilvægt að vera



Nú hefur gamli kálfurinn við Mýrarhúsaskóla verið endurnýjaður og breytt í húsnæði fyrir frístundaheimilið Skjólíð.

með daglegan opnunartíma og að Seltjarnarnes hafi einnig sérstöðu í því að hafa félagsmiðstöðina Selið opið alla virka daga til kl. 22:00 á kvöldin. Við leggjum mikið upp úr að vera verkefnamiðuð og höfða til breiðs hóps og opnunartíminn einn og sér felur í sér mikið forvarnargildi. Unglingarnir á Nesinu hafa aðgengi að húsnæði og starfsfólki til að skapa fjölbreytt frístundastarf. Rannsóknir sýna að minni hætta er á því að börn og ungmenni leiðist út í einhverja „vitleysu“ ef þau stunda öflugt tómsundastarf og/eða íþróttastarf.

## Öll frístundaþjónustan á sömu torfunni

„Nú hefur gamli kálfurinn við Mýrarhúsaskóla verið endurnýjaður og breytt í húsnæði fyrir frístundaheimilið Skjólíð. Þar erum við með fyrsta og annan bekk í mjög skemmtilegu húsnæði sem sérstaklega var hannað fyrir starfseminna. Þriðji og fjórði bekkur eru í skólanum sjálfum, í aðstöðu sem verið er að breyta meðal annars með því að hólfa rýmið niður til að auðveldara verði að sinna félagsstarfinu með krökkunum. Það breytir miklu fyrir yngstu grunnskólabörnin að vera í heimilislegri aðstöðu í frístundastarfi sínu.“ Margrét segir það mikinn kost við Seltjarnarnesið að vera með alla frístundaþjónustu á sömu torfunni. „Félagsmiðstöðin og ungmennahúsið eru síðan í kjallara heilsugæslustöðvarinnar sem er staðsett á milli skólahúsanna sem oft ganga undir heitunum Mýró og Való. Það eru ekki aðeins börnin og unglingarnir sem nota félagsmiðstöðina heldur er samstarf við eldri borgara – fólk sem komið er að eða á eftirlaunaldur.

## Öflugt ungmennaráð

„Ungmennaráðið á Seltjarnarnesi er fyrir unglinga, 16 ára og eldri, og hefur það verið starfandi frá árinu 2009. Í gegnum árin hefur ráðið verið með öflugt starf. Ráðið hefur haldið ungmennanþing og átt fulltrúa í nefndum bæjarins. Unglingarnir eru með aðstöðu í Skelinni og eru líka í samstarfi við eldri borgarana. Ungmennaráðið hefur tekið þátt í evrópusamstarfi og nú nýlega fékk ráðið að vita að Erasmus umsókn þeirra um samstarfsverkefni við ungmennaráð í Eistlandi var samþykkt þannig að árið 2018 verður mjög spennandi,“ segir Margrét.

## Enginn ávinningur af sparnaði i félagsstarfi ungmenna

Margrét segir að ef tekið er mið af því hversu fámennt bæjarfélag Seltjarnarnes er sé mikið í boði fyrir börn og unglinga í nærumhverfinu. Bæjaryfirvöld á Nesinu leggja ríka áherslu á að hlúa vel að félags-tómstunda- og íþróttastarfi barna og ungmenna. Eftir því sem fleiri taka þátt í tómstundastarfi minnkar hættan á að einhverjir verði útundan. Hjá sumum sveitarfélögum sitja þessi mál eftir þegar kreppt er að. Verkefni



Ýmislegt er gert sér til dundurs.

sem sveitarfélögin eru skyldug að halda úti með lögformlegum hætti fara í forgang en hin mæta frekar



afgangi. Eitt af því er tómstunda- og félagsstarf með börnum og ungmennum. En sparnaður í þessum

málaflokk er lítill ávinningur eða alls enginn þegar upp er staðið. Málið er að ef ungmenni hafa lítið fyrir stafni og ekki verkefni við hæfi geta þau leiðst út á óæskilegar brautir og þá verður kostnaðurinn við félagsþjónustuna meiri þ.e. þegar komið er upp vandamál sem bregðast þarf við í nauðvörn í stað forvarna. Kostnaðurinn á ársgrundvelli við eitt barn sem fer út af sporinu getur orðið mun meiri en laun eins eða tveggja starfsmanna í félagsmiðstöð.“



SELTJARNARNESBÆR

# KJÖR ÍÞRÓTTAMANNS OG KONU SELTJARNARNESS 2017 FER FRAM FIMMTUDAGINN 25. JANÚAR 2018 Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS KL. 17:00

**Öllum bæjarbúum á Seltjarnarnesi er boðið að koma og fylgjast með kjörinu.**

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann eða konu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótt- og tómstundaneftndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar.

**Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það helsta sem þarf að koma fram er:**

- Nafn, kennitala, heimili og sími.
- Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.
- Ástundun og hversu mikið er æft.
- Titlar eða árangur.
- Félagslega hliðin.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri.

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið [haukur@seltjarnarnes.is](mailto:haukur@seltjarnarnes.is) fyrir 5. janúar 2018.

***Einnig óskar ÍTS eftir umsóknum um styrk úr Afreksmannasjóði íþróttamanna á Seltjarnarnesi***

Umsóknir um styrki skulu berast til Íþrótt- og tómstundaneftndar Seltjarnarness fyrir 15. janúar ár hvert á þar til gerðum eyðublöðum á heimasíðu bæjarins eða á póstfangið [haukur@seltjarnarnes.is](mailto:haukur@seltjarnarnes.is).

Með öllum umsóknum skal leggja fram greinargerð um umsækjandann.

Úthlutun úr afreksmannasjóði ÍTS fer fram á kjöri Íþróttamanns- og konu Seltjarnarness.

## Lengri opnunartími sundlaugarinnar



Á næsta ári stendur til að lengja opnunartíma Sundlaugar Seltjarnarness, bæði á virkum dögum og um helgar. Þannig verður opið til kl. 22:00 alla virka daga og til 20:00 laugardaga og sunnudaga. Sami opnunartími verður allt árið um kring. Með þessu lengist opnunartími um eina klukkustund á virkum dögum og 2 klukkustundir um helgar.

„Vilji hefur staðið til hjá Íþrótt- og tómstundanevnd Seltjarnarness (ÍTS) um allan skeið að rýmka opnunartímann en við höfum fundið fyrir miklum áhuga Seltirninga með það. Þetta kom skýrt fram í þjónustukönnun sem við létum gera árið 2015. Nú eru opnunartímar í betra samræmi við opnun World Class, fólk hefur meira svigrúm til að skella sér í laugina eftir

kvöldmat á virkum dögum og fjölskyldufólk hefur betra tækifæri til að enda helgardaga með góðum sundlaugartúr. Með þessu er álagi svo dreift betur en mjög góð aðsókn hefur verið í laugina í ár“.

Að sögn Magnúsar ætti þetta að henta unga fólkinu okkar betur, og til gamans megi geta að Ungmennaráð, en fulltrúi þeirra situr í ÍTS, hefur lagt mikla áherslu á lengri opnunartíma. „Það er gaman að geta brugðist við tillögum frá Ungmennaráði sem bæjaryfirvöld hafa átt svo gott samstarf við“.

Breytingarnar taka gildi 1. mars en kemur það til vegna þess að segja þurfti upp vaktatöflum starfsfólks með góðum fyrirvara og að ýmsu öðru þurfi að huga í skipulagi svo breytingarnar takist vel til.

## Um 200 nemendur komu fram á tónleikum í kirkjunni



Myndin var tekin á aðventukvöldi í Seltjarnarneskirkju nýverið.

Jólaflög af öllu tagi voru leikin á jólatónleikum Tónlistarskóla Seltjarnarness, sem haldnir voru í Seltjarnarneskirkju nýlega. Á efnisskránni mátti finna lög tengd nánast allri tegund tónlistar frá popptónlist til klassískra verka. Hátt í 200 nemendur á aldrinum frá sex ára til tvítugs komu fram á tónleikunum. Boðið var upp á fjölbreyttan flutning, einleik, samspil og lúðrasveitartónlist auk þess sem nemendur í forskóla I og II komu fram.

Nemendur og starfsfólk skólans eru langt frá því að vera komin í jólafrí þó að jólatónleikum sé lokið. Síðar í mánuðinum verður öllum nemendum leik- og grunnskólans boðið í heimsókn í tónlistarskólann til að hlusta á jólatónleika nemenda og kennara skólans. Tónleikar verða haldnir á Eiðistorgi mánudaginn 18. desember þar sem nokkrar hljómsveitir skólans koma fram. Nemendur og kennarar skólans heimsækja einnig að vanda nokkrar stofnanir og flytja tónlist fyrir vistmenn þeirra.



LÍKLEGA BESTI  
HOLLI SKYNDI-  
BITINN Á ÍSLANDI

XO

FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU  
& SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS  
571-3888



## Seltjarnarnes vann Reykjanesbæ í Útsvari



Lið Seltjarnarness Björn Gunnlaugsson, Saga Ómarsdóttir og Stefán Eiríksson.

Seltjarnarnes sigraði Reykjanesbæ með 21 stiga mun, 83-62, í Útsvari Ríkissjónvarpsins á dögunum. Lið Seltjarnarness er því komið áfram í næstu umferð og lið Reykjanesbæjar einnig því liðið er þriðja stigahæsta tapliðið eftir fyrstu umferð.

Aðeins einn þáttur er eftir af þeirri umferð og þar sem fjögur stigahæstu liðin komast áfram eftir umferðina, þá er Reykjanesbær öruggur áfram. Lið Seltjarnarness er skipað þeim Birni Gunnlaugssyni, Sögu Ómarsdóttir og Stefáni Eiríkssyni. Lið Reykjanesbæjar er skipað Grétari Sigurðssyni, Helgu Sigrúnu Harðardóttur og Kristjáni Jóhannssyni.

# Er listamaður í þinni fjölskyldu?

Mikið úrval af myndlistarvörum, gjafasettum og trönum.

*Tilvalið í jólapakkann*

**20%  
AFSLÁTTUR  
Í NETVERSLUN  
og frí heimsending**



## Slippfélagið

Málningarverksmiðja

Borgartúni 22, Reykjavík • Gleráreyrum 2, Akureyri • Opið: 8-18 virka daga og 10-14 laugardaga • [slippfelagid.is](http://slippfelagid.is)

# Áramótabrennan á Valhúsaheð hefst kl. 20.30

Hermann Arason  
stýrir fjöldasöng.

Sjáumst í hátíðarskapi.

Seltjarnarnesbær óskar bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)



SELTJARNARNESBÆR

# Mér finnst þetta hafa verið eitt frí

**G**uðmundur Kristinsson innrammari hefur búið á Seltjarnesi í hartnær hálfa öld. Ef til vill er ekki rétt að kalla hann innrammara þótt hann hafi stundaði innrömmun og rekið verkstæði í þeim tilgangi að ramma inn myndir í áratugi. Í æðum hans rennur ríkt sjómansblóð. Hann stundað sjóinn á yngri árum og átti trillu og skrapp á skak á kvöldin löngu eftir að hann var sestur að smíðum og fleiri iðju á Seltjarnarnesi. Átti trillu þar í um áratug. Fannst gott að geta náð sér í glænýja ýsu í soðið. Um þriðju hliðin á Guðmundi vita ef til vill færri en hann er liðtækur myndlistarmaður – hefur málað, skorið út og nýtt sér fleiri listform í gegnum tíðina. Hann hefur einnig haldið allnokkrar myndlistarsýningar.

En hvað er Guðmundur búinn að búa lengi á Seltjarnarnesi. „Í 47 ár. Við byggðum við Látrásröndina. Keyptum lóðina til að byrja með og svo fór ég að víða að mér efni. Ég keypti eingöngu notað efni – einkum timbur og hreinsaði það sjálfur og staflaði því upp. Smiðirnir sem síðan komu til þess að vinna fyrir mig að byggingunni sögðust aldrei hafa fengið betur frágengið efni í hendur. Ég var bæði búinn að hreinsa timbrið og saga þannig að mikið af borðunum voru í réttum lengdum.“

## Alinn upp með veiðarfæri í hönd

En Guðmundur var ekki alinn upp með smíðatól í hönd heldur veiðarfæri. „Það er rétt. Ég var ekki gamall þegar eg fór á sjóinn. Faðir minn var alla tíð á sjó og ég fékk sjómenskuna í arf frá honum. Ætli ég hafi ekki verið níu ára þegar ég fór með honum á síld norður fyrir land. Hann tók strákinn bara með sér. Ég var lengi á togaranum Askí og á togbátum Sverri sem var gerður út frá Akureyri. Sverrir var sérstakur bátur byggður í Svíþjóð á 19. öldinni. Hann hét upphaflega Smiril og var í siglingum á milli Danmerkur og Færeyja. Þetta er sama nafnið og Smiril Line er dregið af. Skipið var síðan keypt til Akureyrar og breytt þar og búið til síldveiða. Sverrir var hæggengur koladallur og við vorum



Guðmundur Kristinsson innrammari og listamaður.

mest á veiðum á Grímseyjarsundi og lögðum upp á Siglufirði, á Hjalteyri og víðar í norðlensku síldarhöfnum. Hann var of hæggengur til þess að það þýddi fyrir okkur að fara austur fyrir Langanes hvað þá lengra vegna þess að þegar fréttist af síld þar voru önnur skip og mun hraðgengari komin þangað og búin að veiða torfurnar upp. Við hefðu mátt fara með tóma lest heni. Svo var ég á olúskipinu Kyndli. Fyrst í vélinni og síðar á dekki. Á Kyndli var búið svo vel að mér að ég fékk sérstakan klefa út af fyrir mig þar sem ég stundaði tómsundastarfið sem var að mála. Ég málaði margar myndir um borð í Kyndli. Já – ég hef bæði verið viðloðandi við sjóinn og málverkið þetta hefur fylgt mér í gegnum tíðina. Ég er eflaust með eitthvert sjómansblóð í æðum. Móðir mín var úr Hrísey og langafi minn var hákarlaskipstjóri fyrir norðan. Faðir minn Kristinn Guðmundsson var frá Eyrarbakka og var togarasjómaður alla sína tíð. Hann sigldi á Bretland á stríðsárunum. Lenti þá í ýmsum hættum sem alls staðar voru á þeim tíma en slapp þó við að fara í hafið eins og sumir félagar hans. Konan mín Þórunn Erlendsdóttir tengdist sjónum líka en þó með öðrum

hætti. Ég hef stundum orðað það svo að hún hafi rekið Hofsjökul eða skipafélagið Jökla í fjóra áratugi. Hún var lengst af ein á skrifstofunni allan þennan tíma og þegar hún hætti gat hún ekki hugsa sér að hætta að vinna og starfaði við gæslustörf í Mýrarhúsaskóla í áratug eftir það.“

## Sýningarsalurinn Listver

„Ég er búinn að vera hér á Eiðistorginu í 22 ár. Ég er eiginlega frumbýlingur þar vegna þess að þegar ég flutti innrömmunarverkstæðið þangað var þetta allt tiltölulega nýbyrjað. Ég byrjaði að ramma inn hjá Jóni Fannberg á Vesturgötunni en flutti mig yfir á Vesturgötu 12 í húsnæði sem kunningi minn átti. Fannberg var nokkuð dýr. Vildi fá góða húsaleigu og þegar ég flutti frá honum spurði ég hann eftir hverju hann færi við að ákveða leiguverðið. Þá leit hann út um glugga, benti á Silla og Valdahúsið og sagði – ég fer eftir þeim. Ég var 12 ár með verkstæði á Vesturgötunni. Fór þaðan í Ánanaustin þar sem ég var í ein fimm eða sex ár og kom svo hingað. Ég var fyrst um tíma á Austurströndinni þar sem ég var líka með sýningarsalurinn Listver

auk innrömmunarverkstæðisins. Ég keypti lýsingu frá Ítalíu sem var sértök og hentaði afskaplega vel til að lýsa sýningarsal. Það sýndu ýmsir listamenn hjá mér og ég man sérstaklega eftir norrænu vinabæjamóti á Seltjarnarnesi 1987 þar sem fulltrúar vinabæjar Seltjarnarness komu í heimsókn. Af því tilefni sendum við sýningu til Herlef í Danmörku sem er vinabær Seltjarnarnesbæjar.“

## Á inniskónum í vinnuna

Ég var líka svo heppinn að skömmu eftir að ég kom hingað á torgið að þá losnaði húsnæði hér fyrir ofan mig. Við festum kaup á því og höfum búið þar síðan. Ég hef því getað gengið á inniskónum í vinnuna í mörg ár og þarf eiginlega ekki úr þeim nema þegar við förum í sumarhúsið okkar í Grímsnesinu eða í heldriborgarastarfið á Seltjarnarnesi sem við stundum að miklum áhuga. Kristinn sonur minn er tekinn við rekstri verkstæðisins hér á torginu þótt ég líti þar við og við. Hann er grafískur hönnuður og hefur erfitt listaáhugann frá mér. Hann vinnur öðruvísi. Mest í tölvu og hefur verið að gera myndaseríu um Gásakaupstað eins og hann var á sínum tíma.“ Guðmundur stendur upp og bendir á mynd sem er á vegg á kaffi Örnú. „Þetta er ein þeirra. Við eldri hjónin komum okkur upp sumarhúsi austur í Grímsnesi. Ég keypti kassann en smíðaði sjálfur inn í hann. Nei – ég er ekki hættur að starfa þótt verkstæðið sé komið í hendur Kristins. Ég er búinn að byggja útihús eða vinnuhús við sumarhúsið og fara með fullt af verkfærum þangað. Við erum þarna öllum stundum eða eins oft og við getum og ég er þar að fást við eitt og annað sem hefur fylgt mér í gegnum lífið.“

## Kjarval spallaði við strákinn

„Já – listamaðurinn hefur alltaf blundað í mér ekki síður en sjómenskann. Þótt ég hætti á sjónum hef ég aldrei hætt að mála eða skera út eða fast við annað sem talist getur listrænt. Ég var félagi í Myndlistarklúbbnum á Seltjarnarness um tíma með Sigurði K. Árnasyni sem nú er ný látinn.



Frá Hjalteyri - Vatnslitir.



Beitningaskúr fyrir vestan - Olíumynd.



Glermynd: Hollensk dugga, Mjaltastúlkan sem Erlendur sonur minn fann í Flatey á Breiðafirði sem sökk þar um 1659.

Þessi klúbbur lognaðist út af. Margir af gömlu félögum eru líka fallnir frá en nú er búið að stofna annan klúbb að því ég best veit. Ég hef sýnt talsvert. Til dæmis í Listasafni ASÍ, hjá Braga í Eden í Hveragerði og hér á Nesinu, í Valhúsaskóla og Gallerí Gróttu svo nokkuð sé nefnt. Ég hafði alltaf þennan brennandi áhuga á myndlist og var farin að fara á sýningar barn að aldri. Einhverju sinni fór ég á sýningu hjá Jóhannesi Kjarval í Listamannaskálanum og ég man að Kjarval kom til mín og spjallaði við mig um stund. Ég man nú ekki lengur hvað okkur fór á milli en hann hefur eflaust veitt mér athygli vegna þess hversu ungur ég var. En ég er ekki frá því að þessi athygli sem ég fékk frá Kjarval hafi aukið áhuga minn á myndlistinni og eflt mig í að halda áfram á þeirri braut. Enn er þó eitt ótalið sem ég hef fengist við en ég greip aðeins í húsagagnasmíði um tíma. Var hjá Meiði og var

svo farinn að smíða sófaborð í bílskúrnum. Maður kundi ekki að vera iðjulaus.“

### Mér finnst þetta hafa verið eitt frí

Guðmundur opnar umslag sem hann tók með sér út á kaffi Örnú þar sem við tylltum okkur undir mynd sem hann hafði málað. „Ég hef verið í mörgu og núna er ég að fást við nýtt verkefni,“ segir Guðmundur og dregur fram nokkrar myndir. „Ég er að vinna myndir af gömlum trébátum. Flestir þessara báta eru löngu ónýtir og litið eftir af sumum þeirra. En þeir eru hluti af sögunni. Ég vildi ná þessum bátum áður en að þeir fara endanlega í gröfina. Þeir eru misjafnlega heillegir og litið eftir af sumum. Ég mála þá þannig að ástand þeirra kemur fram í myndunum. Ég hef sýnt nokkrum þessar myndir og séra Bjarni prestur á Seltjarnarnesi hefur mikinn áhuga á þeim. Annars er ég að fitla

meira við sjóinn í myndlistinni. Nú er ég farinn að gera líkón af bátum. Ég er búinn með eitt. Það er líkan af Sverri sem ég var skipverji á síldinni á Grímseyjarsundi forðum. Ég veit ekki alveg hvaða skip ég tek fyrir næst en vonandi verða þau fleiri. Ég hef góða aðstöðu í sveitinni – í sumarhúsinu. Ég reyni líka að vera þar sem mest einkum á sumrin. “ En hvenær tekur Guðmundur sér frí. Hann er skjótur til svars. „Mér finnst þetta hafa verið eitt frí.“



# Slökun í borg



## VEGAN HÁTÍSKU-NAGLAKK

Dýrðlegt lítaúrfal og gæði. Laust við 12 skaðlegustu efnin.



## MÖNTRU ARMBÖND & -HÁLSMEN

Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull. Klassísk ást-vinagjöf.



## JÓGADÝNUR Í JÓLAGJÖF

Manduka í miklu úrvali. 20 ára saga: Einstök gæði Margar tegundir og fylgihlutir.



## FLOTHETTAN

Frábær hönnun og fánleg í fjórum litum /munstrum:

Tilboð 15.000 kr. til 17. des.

Líka í netsölu á [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



## JÁKVÆÐAR VATNSFLÖSKUR

Vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Einstök gæðahönnun. Skoðaðu málið í Systrasamlaginu.

### ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

Slökun í borg:  
Daglega 11.-19. des.  
kl. 16.30.

### AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9:30 - 18.  
Laugardagar: 11 - 16.

### Sérstakur jólaafgreiðslutími:

Lau 16/12: 11-18.  
Sun 17/12: 13-17.  
20-22/12: 9:30-20.  
Þorláksmessa 11-22.30.

# Gleymum ekki tilefninu sjálfu

- eftir sr. Bjarna Þór Bjarnason

*Kæru lesendur.*

Nú eru aðeins um 10 dagar til jóla. Það er vissulega í mörg horn að líta. Öll viljum við undirbúa jólin sem best og mest. Og börnin spyrja okkur fullorðna fólkið: „Eru jólin ekki að koma?“ Spennigurinn er til staðar enda eru jólin oftast en ekki nefnd hátíð barnanna.

Um þessar mundir eru hvarvetna sjáanleg jólatré, út um borg og bý. Og sjálf höfum við jólatré í hýbýlum okkar. Það er ekki út í bláinn að við skreytum grenitré og höfum það hjá okkur um jólin. Það hefur táknræna merkingu. Tréð bendir með toppi sínum til himins. Það er sígrænt allt árið og minnir okkur því á eilífa lífið. Og smáfuglarnir fá skjól undir greinum þess. Í yfirfærðri merkingu erum við þessir smáfuglar sem fáum skjól og vernd í návist Jesú. Stjarnan á toppi þess minnir á Betlehemsstjörnuna. Gjafirnar sem eru settar við fót þess minna á gjafirnar sem Jesúbarnið fékk á hinum fyrstu jolum. Og ljósín á því minna á Jesú sem ljós heimsins. Þess vegna höldum við jól, til þess að fagna komu barnins í heiminn. Það er kjarni jólanna. Allur ytri umbúnaður er í raun aukaatriði. Það er þessi fæðing sem skiptir öllu máli.

Í þessu sambandi kemur upp í hugann jólaævintýrið um Trölllið sem stal jolum, eða The Grinch eins og það heitir á ensku. Það muna sjálfsgat margir eftir bíómyndinni um The Grinch með Jim Carrey frá árinu 2000, einnig er teiknimyndin um sama efni þekkt. Þá hefur sagan líka komið út á íslensku. En þetta jólaævintýri er um 70 ára gamalt og er eftir Dr. Seuss.

Sagan segir frá Tröllla sem er eins og „ljóti andarunginn“ í Hverabænum. Hann er skapillur, grænn og loðinn. Hann býr í helli í fjallinu Crumpit fyrir ofan Hverabæ. Ungum var honum útskúfað úr samfélaginu sökum ljótleika og illgirni. Hann hefur síðan ásamt hundinum sínum þrífist á úrgangi frá bæjarbúum. Hann hefur hina mestu óbeiti á heiminum og íbúum Hverabæjar. Tröllli leggur fæð á mannfólkið og aldrei fer það meira fyrir brjóstið á honum en á sjálfri jólahátíðinni. Hann þolir ekki jólin. Þá eru allir svo glaðir og reifir, ekki síst yfir gjöfunum. Eitt árið fær Tröllli nóg. Hann arkar

af stað nóttina áður en jólin ganga í garð og fjarlægir allt sem minnir á þau. Hann stælur jólagjöfunum og skreytingunum meðan Hverabúar eru sofandi.

Hann býst við gráti og kveinum að morgni jóladags. En þegar hann verður þess var að þeir fagna jolum á jóladag þrátt fyrir allt verður hann mjög undrandi. En á meðan þeir eru að fagna á jóladeginum kemst Tröllli loks að því með aðstoð Cindy Lou, lítillar stúlku úr Hverabæ, að hinn sanni andi jólanna er miklu djúpstæðari en bara skraut og leikföng. Hún hjálpar honum að finna tilfinningarnar innra með sér. Sagan endar vel þar sem Tröllli skilar þýfinu og tekur síðan innilega þátt í jólagleðinni í Hverabæ.

Þetta ágæta jólaævintýri minnir okkur á að hin eina og sanna jólagleði felst ekki í einhverjum hlutum, einhverju skrauti eða einhverjum ytri búnaði. Það er innihaldið sjálf sem skiptir máli. Af hverju erum við að halda jól yfirleitt? Þau urðu til í ákveðnu samhengi. Fyrir langa löngu ákváðu kristnir menn að minnast fæðingar Jesúbarnsins 25. desember ár hvert. Þeir gerðu það meðal annars vegna þess að það var stuttu eftir vetrarsólhvörf og því afar táknrænn tími. Sigur ljóssins yfir myrkrinu í bókstaflegri merkingu er ávallt á þessum árstíma í náttúrunni. Hvaða tími gæti verið betri en einmitt þessi?

Aðventan, undirbúningstími jólanna og jólin sjálf eru hátíð Friðarhöfðingjans, sem fæddist inn í mannheim. Þess vegna höldum við jólin. Gleymum ekki tilefninu sjálfu. Ef við gerum það væri það svipað því að vera boðin í afmælisveislu og gleyma tilefninu sjálfu og gleyma að óska afmælisbarni dagsins til hamingju með daginn. Það þætti okkur skrytið.

Guð gefi okkur öllum ánægjulega aðventu og gleðileg jól í framhaldi af henni.



Sr. Bjarna Þór Bjarnason

Gleðileg jól  
og  
þarsælt komandi ár!



Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða



# MARSHALL

FORRÉTTIR — TIL AÐ DEILA

AÐALRÉTTIR — VELJID EINN

EFTIRRÉTTIR — TIL AÐ DEILA

## ÁTTA RÉTTA



## JÓLA- MATSEÐILL

**JÓLASALAT** — GRILLAÐ JÓLASALAT  
MEÐ PERUM, GRÁÐOSTI, VALHNETUM  
OG RIFSHLAUPI

**KRÓKETTUR** — DJÚPSTEIKTAR  
SVARTAR SMOKKFISK-KRÓKETTUR  
MEÐ CHILITÓMATSÓSU OG SAFFRAN AIOLI

**KRÚDÓ** — ÍSHAFSRÆKJU KRÚDÓ MEÐ  
GRANATEPLUMOG GERJUÐUM SÍTRÓNUM

**CANNELLONI** — CANNELLONI  
FYLLT MEÐ RICOTTA, BORIÐ FRAM MEÐ  
KÓNGASVEPPASÓSU OG PARMESAN

**GRASKER** — OFNSTEIKT GRASKER  
MEÐ CANNELLINIBAUNAMAUKI, SALSA  
VERDE, JÓGÚRTSÓSU OG GRASKERSFRÆJUM

**TINDABIKKJA** — GRILLUÐ TINDABIKKJA  
MEÐ CAPERS, HVÍTLAUK OG SÍTRÓNU

**KORNHÆNA** — GRILLUÐ KORNHÆNA  
MEÐ BÖKUÐU HVÍTKÁLI, CHORIZO,  
VÍNBERJUM, MÖNDLUM OG RAUÐVÍNSJUS

**OSTAKAKA LA VIÑA**

**RISALAMANDE  
OG KARAMELLUSÓSA**

**BISCOTTI ÍS**

OPIÐ  
Þriðjudaga – sunnudags  
11.30 – 22.30

BORÐAPANTANIR  
+ 354 519 7766  
info@marshallrestaurant.is  
marshallrestaurant.is

MARSHALLHÚSIÐ  
Grandagarður 20  
101 Reykjavík

RESTAURANT + BAR

# Sögufrægt hús á einstökum stað á Seltjarnarnesi

Borg fasteignasala hefur auglýst húsið Ráðagerði á Seltjarnarnesi til Sölu. Húsið er með elstu húsum á Nesinu og þótt víðar sé leitað. Árið 1703 var býlið Ráðagerði hjáleiga frá Nesi með litlum túnbletti sem fýðra mætti tvær kýr. Hálfri öld seinna 1755 taldist Ráðagerði til fjögurra betri hjáleiga frá Nesi. Húsið sem nú stendur og heitir Ráðagerði er samkvæmt Þjóðskrá Íslands byggt um eða upp úr 1880 – trúlega á árunum 1880 til 1885 en nákvæmt ártal mun ekki hafa fundist. Húsið stendur norður undan Nesstofu vestan við Bygggarða og er einskonar útvörður byggðar á Nesinu ásamt Nesstofu. Húsið var gert upp árið 1997 eftir að Jónína Ragnarsdóttir og Finnur Jónsson höfðu keypt það af Seltjarnarnesbæ.

Margir hafa búið í Ráðgerði í gegnum tíðina. Þar á meðal hafnsögumenn í Reykjavík. Á árunum 1876 til 1909 bjó Þórður Jónsson hafnsögumaður í Ráðgerði. Fyrri kona hans Þórunn Jónsdóttir lést árið 1900 en þá giftist hann yngri systur hennar Halldóru. Hann átti börn með báðum og eignaðist 13 börn með Halldóru. Á þessum árum var barnadaudi mikill og aðeins fimm þeirra náðu



Ráðagerði eins og það lítur út í dag.

fullorðinsaldri. Engu að síður er um nokkurn fjölda afkomenda og fólk sem varð þekkt í samtímanum. Má þar nefna Gísla Guðmundsson gerlafræðing sem stofnaði gosdrykkjaverksmiðjuna Sanitas. Hún hóf starfsemi á Seltjarnarnesi árið 1905. Meðeigendur Gísla voru Guðmundur Ólafsson í Nýjabæ og Jón Jónsson í Melshúsum. Eftir að verksmiðjan var flutt til Reykjavíkur var verksmiðjuhúsinu breytt í íbúðarhús. Í fyrsti stóð það á upphaflegum stað en var síðar flutt yfir Nesveginn og var þá nefnt

Teigur. Þar bjuggu lengi Steindór Ingimundarson frá Sogni í Ölfusi og Oddný Hjartardóttir frá Borðeyri við Hrutafjörð. Teigur brann til kaldra kola á nýársdag 1963.

## Sigurjón kaupir Ráðagerði

Síðar bjó annar hafnsögumaður í Ráðagerði. Oddur Jónsson skipstjóri ásamt konu sinni Guðríði Þórðardóttur. Oddur var lengi skipstjóri á þilskipum en gerðist hafnsögumaður árið 1909 og stundaði einnig búskap í Ráðagerði.

Oddur gerðist hafnarfógeti eða hafnarstjóri í Reykjavík árið 1920 og seldi þá Ráðagerði þeim Sigurði Þórólfsyni skólastjóra Lýðháskólans á Hvitárþakka í Borgarfirði og Ásdís Margrétu Þorgrímsdóttur. Sigurður lét þá af stjórn skólans og flutti á Seltjarnarnes. Búslóð hans var flutt ofan úr Borgarfirði í róðrabát sem dregin var af mótorbátunum Hvítá sem var í siglingum og fór upp Hvítá að Hvitárþakka. Þau Sigurður og Ásdís bjuggu um tíma í Ráðgerði. Ásdís annaðist um búskapinn og þess er getið að fjósið í Ráðagerði væri nútímalegt með bása fyrir fjórar kýr. Sigurður var um tíma oddviti Seltjarnarneshrepps. Hann byggði timburhús við Kaplaskjólsvog í Reykjavík sem nefnt var Útgarður en er nú horfið. Hann byggði einnig reisulegt steinhús við Ásvallagötu í Reykjavík og flutti þangað 1928 en hann lést skömmu síðar.

## Anna og Guðríður

Enn kom skipstjóri í Ráðagerði en það var Kristinn Brynjólfsson sem var fæddur í Engey 1880 giftur Önnu Guðmundsdóttur úr Nesi fæddri 1886. Kristinn hætti sjómennsku

# Bragðgóð jólagjöf

Gefðu gjafabréf sem gildir ekki bara á eitt, heldur fjögur af vinsælustu veitingahúsum Reykjavíkur. Gjöf sem hittir í mark hjá sælkerum sem geta þá valið sinn uppáhaldsstað.

Gjafabréfin fást á stöðunum fjórum og eru að upphæð 10.000 og 20.000 kr.

Gjöf sem gælir við bragðlaukana!

TAPASBARINN, Vesturgötu 3b, tapas.is  
SUSHI SOCIAL, Þinghóltsstræti 5, sushisocial.is  
APOTEK, Austurstræti 16, apotek.is  
SÆTA SVÍNÍÐ, Hafnarstræti 1-3, saetasvinid.is



eftir að hann festi kaup á Ráðagerði. Anna hafði umtalsverð afskipti af félagsmálum í Seltjarnarneshreppi. Var meðal annars formaður í Framfarafélaginu – fyrsta konan sem gegndi því starfi. Önnu entist ekki aldur og hélt Kristinn áfram búskap í Ráðagerði ásamt Guðríði dóttur þeirra. Guðríður bjó síðan ein í Ráðgerði allt til ársins 1988 að hún lést af slysförum. Hún var þá löngu hætt búskap og leigði túnið til hrossaeygenda.

**Jónína og Finnur gera húsið upp**

Ráðagerði stóð autt og ónotað um árabíl en árið 1997 festu hjónin Jónína Ragnarsdóttir og Finnur Jónsson kaup á húsinu sem þá var í eigu Seltjarnarnesbæjar. Þau réðust þegar í að gera húsið upp. Ýmislegt kom í ljós þegar farið var að rífa utan af því. Eitt var að vesturgafli þess hafði verið klæddur með listasúð en einhvern tíman

verið klætt með járn yfir hana. Einnig kom í ljós að engin grind var í húsinu nema á vesturgafli sem var fátítt. Múrað var í grindina með múrsteinum á neðri hæðinni en hraunhellum á efri hæðinni. Þegar járn og pappi höfðu verið fjarlægð kom í ljós að yfir gluggum suðurhliðar höfðu verið bjórar. Mikil leit var gerð að gögnum sem leitt gætu í ljós gerð þeirra og útlit en hún bar ekki árangur en að öðru leyti voru allar tiltækar upplýsingar

notaðar og húsið fært eins nærri upprunalegu útliti og mögulegt var.

**Einstakt og sögufrægt hús**

Á vefsíðu Borgar fasteignasölu kemur fram að húsið er sex herbergja um 240 fermetrar að stærð en um er að ræða bæði sérstakt og sögufrægt hús sem auk þess stendur á einstökum stað skammt frá Gróttu á Seltjarnarnesi.

*Ilmur af jólum*

Kryddin frá okkur eru ómissandi í eldhúsið hjá ykkur

# KRAFTVIKLIR KAPPAR

Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari. Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.

Notum alltaf flugeldagleraugu, bæði börn og fullorðin

FLUGELDAMARKAÐIR, ÞJÓRGUNARVEITANNA

BJÖRGUNARVEITIN ÁRSÆLL  
REYKJAVÍK, SELTJARNARNES  
VIÐ SUÐURSTRÖND

STYVANARVEITINGAR, LANDSBORG

# MYNDLIST Í JÓLAPAKKANN?

## GJAFABRÉFIN FÁST HJÁ OKKUR

### MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

## Helgihald um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju

Sunnudagurinn 18. desember  
Guðsþjónusta kl. 11.

**17. desember**  
Guðsþjónusta  
og sunnudagaskóli kl. 11.  
Selkórinn syngur undir stjórn  
Oliver Kentish. Sóknarprestur  
þjónar ásamt organista  
kirkjunnar.

**23. desember**  
Orgeltónar við kertaljós kl. 22.  
Friðrik Vignir Stefánsson leikur  
á orgelið og Eygló Rúnarsdóttir  
syngur einsöng.

**24. desember**  
Aftansöngur kl. 18.  
Sr. Bjarni Þór Bjarnason,  
sóknarprestur þjónar. Friðrik  
Vignir Stefánsson er organisti.  
Kammerkórinn syngur.

**25. desember**  
Hátíðarguðsþjónusta kl. 11  
(athugið breyttan messutíma).  
Sr. Kristján Valur Ingólfsson,  
vígslubiskup, predikar.  
Sóknarprestur þjónar fyrir  
altari. Kammerkórinn syngur.  
Kaffi og konfekt eftir athöfn í  
safnaðarheimili.



**26. desember**  
Helgistund við  
upphaf Kirkjuhlaups kl. 10.  
Trimmklúbbur Seltjarnarness  
stendur fyrir þessu hlaupi eins  
og fyrri ár. Heitt súkkulaði og  
smákökur í safnaðarheimilinu  
eftir hlaupið.

**31. desember**  
Opið hús frá kl. 20.30 til kl. 22.30.  
Öllum sem eru að fara á brennu  
eða koma frá brennu boðið upp  
á heitt súkkulaði og piparkökur  
í safnaðarheimilinu. Organisti  
kirkjunnar leikur á orgel  
kirkjunnar áramótasálma og  
áramótalög.

**Fyrsti janúar 2018**  
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.  
Sóknarprestur þjónar.  
Organisti kirkjunnar leikur á  
orgelið. Kammerkórinn syngur.



## Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



**1** Skolið umbúðir  
svo ekki komi  
ólykt við  
geymslu



**2** Staflað þeim  
saman svo  
þær taki  
minna pláss

**3** Setjið umbúðirnar  
í pokann og bindið  
fyrir þegar hann  
er fullur



**4** Setjið pokann  
í gráu tunnuna  
fyrir almennt sorp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

# Arnaldur jólastjarna Björgvins



Við Seltirningar getum heldur betur verið stolt af nýkrýndri jólastjörnu Björgvins 2017 en það er hinn hæfileikaríki Arnaldur Halldórsson, 11 ára flottur strákur úr Mýrarhúsaskóla. Um 200 krakkar skráðu sig til leiks í upphafi en Arnaldur stóð uppi sem aðalstjarnan eftir að hafa sungið sig inn í hug og hjörtu dómnefndarinnar.

Óskum honum og fjölskyldunni allri innilega til hamingju og hlökkum til að fylgjast með Arnaldi í framtíðinni. Við Seltirningar getum heldur betur verið stolt af nýkrýndri jólastjörnu Björgvins 2017 en það er hinn hæfileikaríki Arnaldur Halldórsson, 11 ára flottur strákur úr Mýrarhúsaskóla. Um 200 krakkar skráðu sig til leiks í upphafi en Arnaldur stóð uppi sem aðalstjarnan

eftir að hafa sungið sig inn í hug og hjörtu dómnefndarinnar. Óskum honum og fjölskyldunni allri innilega til hamingju og hlökkum til að fylgjast með Arnaldi í framtíðinni.

## Glæsilegur náttfatnaður og undirfatnaður í verslunni Ynju Glæsibæ



Glæsibær - Álfheimar 74 - S. 544 4088 - [www.ynja.is](http://www.ynja.is)

**Rennie®**

**20% afsláttur**  
í Reykjavíkur Apóteki  
til 31. desember

**ARCTIC  
RETRO**  
ICELAND  
*Nature Collection*

ÍSLENSK  
HÖNNUN

**ARC-TIC RETRO ÚRIN  
FYRIR DÖMUR OG HERRA**

VERÐ FRÁ:  
**29.900,-**

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
[www.gilbert.is](http://www.gilbert.is)

# Breytingar á þjónustu strætó um áramót

Um áramótin verða umtalsverðar breytingar á þjónustu strætó sem samþykktar voru af stjórn Strætó bs. í október síðast liðnum.

Helstu breytingar eru þær að þjónustutími verður lengdur á leiðum 1,2,3,4,5,6,11,12,15 og 18 þannig að þessar leiðir munu aka til 01:00 á nóttunni eða sem næst því eftir hvernig stendur á áætlun. Leið 11 þjónustar Seltjarnarnesið og er ein af betur nýttum leiðum í leiðakerfi strætó þannig að þessi lengdi þjónustutími mun því vonandi nýtast Seltirningum vel.

Sumaráætlun strætó verður einnig afnumin á árinu 2018 þannig að áætlun strætó mun ekki breytast í vor eins og tíðkast hefur síðastliðin ár og þjónustan



verður því jöfn allt árið og engar breytingar á tíðni ferða.

Síðast en ekki síst verður gerð tilraun með næturalakstur aðfaranótt laugar- og sunnudags á leiðum

1,2,3,5,6, og 11 en gert er ráð fyrir að þessar leiðir keyri frá miðbænum á hverjum klukkutíma til klukkan 04:00 – 04:30. Leið 11 mun keyra úr miðbænum að Eiðistorgi

í næturalakstri og þjónustan verður einvörðungu í boði í aðra áttina úr miðbænum. Þetta er tilraun til að bjóða upp á frekari þjónustu við að koma fólki heim úr miðbænum eftir skemmtanir um helgar.



**Sigrún Edda Jónsdóttir**

Aðrar breytingar verða m.a. á leið 6 sem verður stytta og tíðni aukin, leið 7 kemur ný inn í Mosfellsbæ, leið 2 verður lengd, leið 28 verður stytta, leið 21 verður breytt sem þjónustar Hafnarfjörð, Smáralind og Mjódd og leið 35 mun aka í báðar áttir frá Hamraborg á 30 mín. fresti, sjá nánar á [www.straeto.is](http://www.straeto.is).

*Með bestu óskum um gleðileg jól og farsælt komandi ár*

*Sigrún Edda Jónsdóttir,  
fulltrúi Seltjarnarness  
í stjórn Strætó bs.*



Herratrefill og leðurhanskar  
**Jólatilboð 5.490.kr**

Pasmina og leðurhanskar  
**Jólatilboð 4.950.kr**

Margir litir í boði

Margir litir í boði

Smart Boutique



Fjórður verslunarmiðstöð, Hafnarfirði  
S: 551-1040, [www.smartboutique.is](http://www.smartboutique.is)

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**

3ja ára ábyrgð

**JS LJÓSA SMÍÐJAN**  
VÉLAVERKSTÆÐI | SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN  
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

## SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243  
OPIÐ MÁN - FIM KL. 10 - 18:30  
FÖSTUDAGA KL. 10 - 18

# GEFÐU FRÍ UM JÓLIN

Gjafabréf Icelandair eru ávísun á ævintýri



## Gjafabréf eru góð jólagjöf

Gefðu sólarfrí á framandi slóðum, menningarferð til spennandi borgar eða indæla heimferð til að knúsa pabba, mömmu og alla hina. Hvern vilt þú gleðja?

**ICELANDAIR** 

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### SÖNGUR OG SÚKKULÆÐI

Á aðventunni þegar skammdegið er í hámarki þá er þörfin fyrir ljósið hvað mest og er aðventan því kærkomin tími lita og ljósa. Aðventan á að vera tími samvista, friðar og kærleika allra aldurshópa, og því þurfum við að huga vel að eldra fólkinu okkar. Í nóvember og nú á aðventunni hefur dagskrá félags og tómstundastarfsins tekið mið af þessum árstíma. Haldnir hafa verið fönndurdagar þar sem búnir hafa verið til skartgripir, lyklakippur og sápur. Einnig hafa komið í salinn á Skólabraut söluaðilar með snyrtivörur og skartgrip. Jólalög og félagsvistin eru á hátíðlegri nótunum og meiri áhersla lögð á jólalögin í söngstundinni. Um miðjan nóvember var farin „Óvissuferð“ í Veröldhús Vigdísar Finnbogadóttur. Þar urðum við þeirrar ánægju aðnjótandi að hitta Frú Vigdís sem heilsaði upp á hópinn. Við fengum leiðsögn um húsið, sögu þess og tilgang. Almenn ánægja var með daginn sem lauk með heimsókn í veitingasal Veraldar.

Í nóvember var einnig farið í Háskólabíó á myndina Undir trénu. Síðasta þriðjudaga í hverjum mánuði er helgistund í kirkjunni fyrir eldri borgara þar sem alltaf er boðið upp á dagskrá og kaffi. Að þessu sinni mætti Bogi Ágústsson með hugleiðingar um alþjóðamálin/heimur á krossgötum. Miðvikudaginn 29. nóv. var svo sala á íslensku handunnu silfurskarti í salnum á Skólabraut og voru margir sem nýttu sér það og versluðu til gjafa, og að kveldi miðvikudagsins voru svo eldri borgararnir og yngra fólk með sameiginlega kvöldstund í boði Ungmennaráðs í Skelinni.

Mánudagana 4. og 11. desember verður boðið upp á sápugetu í salnum á Skólabraut frá kl. 13.30. Þriðjudaginn 5. desember var farið í „Óvissuferð“ í Annríki í Hafnarfirði þar sem saumaðir eru íslenskir búningar og silfursmið. Miðvikudaginn 6. desember var svo komið að Jólahláðborðinu á Hótel Örk, þar sem boðið var upp á góðan mat, skemmtiatriði og dans.

Þriðjudaginn 19. desember verður SÖNGUR OG SÚKKULÆÐI í salnum á Skólabraut kl. 15.00, þá njótum við aðventunnar og eigum notalega stund í aðdraganda jólanna. Nemendur Tónlistarskólans koma í heimsókn ásamt því að lesið verður upp úr nýjum bókum ásamt fleiru.

Fólk er hvatt til að fylgjast með dagskrá bókasafnsins og kirkjunnar í desember. Síðasti dagur hefðbundinnar dagskrár félagsstarfsins er þriðjudagurinn 19. desember og fyrsti starfsdagur á nýju ári er miðvikudagurinn 3. janúar. Ný dagskrá félags- og tómstundastarfs eldri bæjarbúa fyrir janúar – júní 2018 verður send út í byrjun janúar en hægt er að ganga út frá föstu liðunum eins og þeir hafa verið. Einnig er hægt að fylgjast með dagskránni á facebook síðunni eldri borgarar á Seltjarnarnesi og í dálk Morgunblaðsins félagslíf aldraðra.

Hugheilar óskir um gleðilega hátíð ljóss og friðar.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra  
jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.

Iris og Anna



Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12  
iris@salonnes.is | www.salonnes.is

## UMHVERFISHORNIÐ

### Fugl mánaðarins – Hávella

Hávella er vetrargestur og strjáll varpfugl á Seltjarnarnesi. Hún finnst á sjó allt í kringum Nesið og á síðustu árum hafa fundist 116 fuglar að meðaltali (59-201) í vetrartalningum um jólaleitið. Hávella sést á Bakkatjörn frá því að ísa leysir á vorin og fram í nóvember. Hún var mjög algeng á Bakkatjörn á vorin,



Hávelluhjón, steggurinn til hægri

í apríl og maí, og ómaði söngur hennar um alla tjörnina. Síðan tók henni að fækka og vorhóparnir að minnka, þó enn sjáist vænir hópar á tjörninni, t.d. 128 þann 8. maí 2013. Hávella fannst fyrst verpandi við Bakkatjörn 1979 og í Dal 1987. Hún hefur orpið óreglulega síðan og gengið brósuglega að koma upp ungum, varp síðast 2012 í Dal og komst þá einn ungi á legg. – Eitt af sérkennum hávellunnar er að hún skiptir oftar um fjaðurham en aðrar endur. Steggurinn er með áberandi langar miðfjaðrir stéls og það er hann sem gefur frá sér hið einkennandi sér háværa jóðl, há-á-vella, sem einkennir hópana síðla vetrar og á vorin.

Texti og mynd: Jóhann Óli Hilmarsson

F.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir formaður.

Gleðileg Jól

### Aðventukransinn - hvað heita kertin fjögur á aðventukransinum?

Orðið aðventa er dregið af latnesku orðunum Adventus Domini, sem þýða „koma Drottins“ og hefst hún á 4. sunnudegi fyrir jóladag. Þessi árstími var löngum - og er reyndar víða enn - kallaðar jólafasta, sem helgast af því að fyrr á öldum mátti þá ekki borða hvaða mat sem var, til dæmis ekki kjöt.

Aðventukransinn byggist á norður-evrópski hefð. Hið sígræna greni táknar lífið sem er í Kristi og hringurinn táknar eilífðina. Fyrsta kertið nefnist spádómakertið og minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins er höfðu sagt fyrir um komu frelsarans. Annað kertið nefnist Betlehemskerstið. Þar er athyglinni beint að þorpinu sem Jesús fæddist í, og þar sem ekkert rúm var fyrir hann. Þriðja kertið nefnist hirðakerstið en snauðum og ómenntuðum fjárhirðum voru sögð tíðindin góðu á undan öllum öðrum. Fjórða kertið nefnist síðan englakertið og minnir okkur á þá sem báru mannheimi fregnirnar.

Aðventukransinn, sem talinn er vera upprunninn í Þýskalandi á fyrri hluta 19. aldar, barst til Suður-Jótlands og varð algengur í Danmörku eftir 1940. Frá Danmörku barst þessi siður til Íslands. Í fyrstu var aðventukransinn aðallega notaður til að skreyta búðarglugga en á milli 1960 og 1970 fór hann að tíðkast á íslenskum heimilum og er nú orðinn ómissandi hluti þessarar árstíðar.

Fyrir rúmlega 40 árum orti norski rithöfundurinn Sigurd Muri (1927-1999) ljóð um aðventukertin fjögur sem kallast „Ná tenner vi det første lys“ og er það sungið við sænskt lag frá 1898 eftir Emmu Christinu Köhler (1858-1925). Lilja Sólveig Kristjánsdóttir fyrrverandi kennari og safnvörður í Reykjavík þýddi ljóðið sem á íslensku ber heitið „Við kveikjum einu kerti á“ og er það á góðri leið með að verða einn þekktasti aðventusálmur Íslendinga fyrr og síðar.

Heimildir: Vísindavefurinn



Aðventukrans í Seltjarnarneskirkju.



# Á réttri leið en leikskólinn situr eftir

Í lok nóvember samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarness fjárhagsáætlun ársins 2018 en í henni má finna margt afar jákvætt eins og að byggja eigi þjónustukjarna fyrir fatlað fólk með sex íbúðum, lengja á opnunartíma sundlaugar, kaupa á félagslega íbúð, áætlað er að hefja endurbætur á íþróttahúsi sem og að 10 milljónir eru eyrnamerkar í rafrænt íbúalýðræði þar sem íbúar fá að forgangsraða fjármagni í þær framkvæmdir sem þeir telja mikilvægastar í sveitarfélaginu.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Jákvæðu fréttirnar eru einnig að finna skattamegin þar sem unnið var eftir bókun Samfylkingar Seltirninga við upprunalegu forsendur fjárhagsáætlunar meirihlutans. Þar lögðum við til að endurskoða ætti fasteignaskatt vegna 17,7% hækkunar fasteignamats á Seltjarnarnesi fyrir árið 2018 og það í kjölfar talsverða hækkana á síðustu árum. Lögðum við sérstaka áherslu á að endurskoða einnig afsláttar reglur aldraðra og öryrkja við álagningu fasteignaskatts þar sem misræmi var á milli hjóna og einstaklinga og tímabært að hækka viðmiðunartekjumörk reglanna. Niðurstaðan var sú að viðmiðunarmörkin hækka um vísitöluhækkun og fasteignaskattur er lækkaður úr 0.20% niður í 0.175%. Um þessi mál ríkti sátt og var fjárhagsáætlun næsta árs unnin í þverpólitísku samstarfi meiri- og minnihluta.

Minnihlutinn sat þó hjá við afgreiðslu þriggja ára áætlunar meirihlutans því sú framtíðarsýn sem birtist þar inn í næsta kjörtímabil m.a. að setja ekkert fjármagn í uppbyggingu leikskólans til ársins 2021 samrýmist ekki stefnu minnihlutans um að lækka inntökualdur leikskólans niður í 12 mánuði. Í kynningu fræðsluviðs um stöðu og framtíð leikskólamála á Seltjarnarnesi sem byggð var á mannfjölda-spá Hagstofunnar kom fram að fjölga þurfti leikskólaplássum um 40 aðeins til að viðhalda núverandi inntöku. Við í minnihlutunum viljum ráðast í aðgerðir strax og liggur fyrir bókun um að fela skipulags- og umferðarnefnd, skólanefnd sem og bæjarráði að hefja undirbúningsvinnu við byggingu og útfærslu á ungbarnaleikskóla, tveir vinnuhópar hafa nú þegar unnið tillögur hvernig geti lækka inntökualdurinn

og má segja að nú sé runninn upp tími aðgerða.

Jólaeveðja fyrir hönd Samfylkingar Seltirninga

Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk  
Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA  
EIÐSTORGI 13 - 15  
SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

**Það er bilastæði fyrir bilinn í MIDBORG REYKJAVÍKUR**

Hægt er að greiða fyrir gjaldskyld stæði með mynt, greiðslukortum og greiðsluappi leggja.is. Sjáið fjölda lausra stæða í bilahúsum á [www.bilahas.is](http://www.bilahas.is)

[www.bilastaedasjodur.is](http://www.bilastaedasjodur.is) þjónustuver: 411 1111

Stjörnuport–Traðarkot–Kolaport–Vítorg–Vesturgata 7–Ráðhúsið



## Tvær Gróttustúlkur valdar í úrvalshóp



Á myndinni eru Áslaug, Brynhildur, Kolfinna, Sigrún, Marianna, Álfrún, Eva, Sigrún og Lily.

Tvær stúlkur úr Fimleikadeild Gróttu voru valdar í úrvalshóp Fimleikasambands Íslands síðastliðna helgi. Það voru þær Laufey Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir en tíu stúlkur frá sex félögum voru valdar í þann hóp.

Við erum afskaplega stolt af þessum árangri og óskum þessum stúlkum innilega til hamingju og vonum að þeim gangi sem allra best í því sem framundan er.

Hið árlega Aðventumót Fimleikadeildar Ármanns var haldið helgina 1. – 3. desember og átti

Gróttu alls 31 keppanda á mótinu. Flestar stúlkurnar voru að keppa á sínu fyrsta móti og stóðu sig mjög vel. Við óskum þeim öllum til hamingju með mótið.

Sömu helgi var haldin opin æfing hjá iðkendum úr A, B, S og T hópum í Gróttu. Foreldrum, systkinum, ömmu og öfum var boðið að koma og fylgjast með hvað iðkendur eru búnir að vera að æfa í vetur. Þau stóðu sig öllu stórvel og að lokinn æfingu var öllum boðið upp á kaffi, safu og piparkökur upp í hátíðarsal Gróttu.

## Grímur, Krummi og Orri léku með landsliðinu

Nýlega lék 15 ára landslið Íslands æfingaleiki við Færeyjar. Valinn var 22 manna hópur fyrir leikina og átti Gróttu þar þrjá fulltrúa, þá Grím Inga Jakobsson, Krumma Kaldal og Orra Stein Óskarsson. Sannarlega glæsilegt hjá ekki stærra félagi.

Grímur var í byrjunarliðinu í fyrri leiknum sem fór fram í Egilshöll á föstudag. Þar bar Ísland 5-1 sigur úr bítum eftir að hafa lent 1-0 undir snemma leiks. Grímur spilaði af öryggi inni á miðjunni en Orri Steinn kom inná í lokin. Seinni leikurinn fór fram í Akraneshöllinni á sunnudag og þar byrjaði Krummi í íslenska markinu. Okkar maður var ekki lengi að stimpla sig inn en Krummi varði víti um miðjan fyrri hálfleikinn og endaði svo á að halda markinu hreinu í 7-0 sigri Íslands. Orri kom inná fljótlega í seinni hálfleik. Hann var ekki langt frá því að skora og átti stoðsendinguna í síðasta marki Íslands. Grímur lék einnig síðasta korterið í leiknum.



Grímur Ingi Jakobsson.



Orri Steinn Óskarsson.



Krummi Kaldal.



GETRAUNANÚMÉR  
GRÓTTU ER  
170



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

#### Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.  
13:00-14:30

Fimmtudaga  
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga  
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga  
13:00-17:00

#### Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

[www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)



Íþróttafélagið Gróttta hélt hóf og þakkaði Inga kærlega fyrir samfylgdina og allan hlýhuginn og aðstoðina sem Ingi hefur haft í garð Gróttu. Á kveðjuhöfi sem haldið var Inga til heiðurs var honum veitt gullmerki félagsins fyrir áralangt starf í þágu Gróttu.

## Ingi í íþróttahúsinu lætur af störfum

Ágúst Ingi Ágústsson eða Ingi í íþróttahúsinu eins og hann er alltaf kallaður lét af störfum þar vegna aldurs eftir slétt 29 ár í starfi.

Ingi á afar farsælan feril að baki síðan 2. janúar 1989 eða á sama tíma og „stóri“ salurinn var tekinn í notkun og fylgdi svo eftir af áhuga breytingunum 1999 þegar nýtt anddyri og fimleikasalur var byggður. Ingi stýrði öllu af festu en um leið af sanngirni og ljúfmennsku og uppskar virðingu iðkenda og foreldra í staðinn. Hann átti gott með að vinna með öllum og var góð fyrirmynd annarra starfsmanna og fór oft langt út fyrir starfslýsingu sína í starfi sínu, íþróttahúsinu til góða. Ágúst Ingi Ágústsson hefur sett sterkan svip á íþróttamannvirki bæjarins, andrúmsloft sem lifir vonandi áfram þegar hann hættir. Með kveðju frá okkur öllum í íþróttahúsi, knattspyrnuvelli og sundlaug.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Arnaldur Halldórsson. Hann er alinn upp á Seltjarnarnesi og er nemandi í 6.-GÍE í Mýrarhúsaskóla. Hann var valinn Jólástjarna Björgvins 2017 á dögnum og mun koma fram á tónleikunum „Jólagestir Björvins“ nú í desember. Arnaldur er kraftmikill og kátur strákur sem stundar leiklist, söng, dans og ballet, stökkfíleika og kvikmyndagerð. Hann er ásamt vinum sínum í Mýró í rappsveitinni Pöndunum.



**Fullt nafn?** Arnaldur Halldórsson.  
**Fæðingard. og ár?** 8. nóvember 2006.  
**Starf?** Nemandi og skemmtikraftur.  
**Farartæki?** Ekkert. Ég fer flestar ferðir mínar fótgangandi og svo er ég með ömmu Þrúðu sem einkabílstjóra.  
**Helstu kostir?** Er jákvæður, félagslyndur, glaðlyndur og gefst aldrei upp.  
**Eftirlætis matur?** Lasagne.  
**Eftirlætis tónlist?** Tónlist með Ed Sheeran, Friðriki Dór og íslenskt rapp.  
**Eftirlætis íþróttamaður?** Ómar Ingi, stóri bróðir minn.  
**Skemmtilegasta sjónvarpsfnið?** Stranger Things.  
**Besta bók sem þú hefur lesið?** Það er erfitt að gera upp á milli bókanna hans Gunnars Helgasonar en ætli mér finnst ekki Gula spjaldið í Gautaborg best.  
**Uppáhalds leikari?** Jim Carrey og Jói G.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Harry Potter myndirnar.  
**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Er með vinum mínum og í tómsundum. Einnig finnst mér gaman að fara í bíó og leikhús.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Borgarleikhúsið.  
**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Góða kímigáfu og hressleika.  
**Hvern vildir þú helst hitta?** Ed Sheeran og taka lagið með honum.  
**Uppáhalds vefsíða?** YouTube.  
**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Mig langaði mest í hljóðnema sem ég fékk einmitt í afmælisgjöf um daginn.  
**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?** Útbúa upptökustúdíó í herberginu mínu og gefa afganginn til góðgerðarmála.  
**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Ég myndi láta byggja bíó á Eiðstorgi.  
**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Mig dremmir um að verða leikari, söngvari, dansari og rappari.  
**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Ég fór á dansnámskeið í Englandi, fótboltamót á Akureyri og í sumarfrí með fjölskyldunni til Ítalíu.

### Nesfréttir

Óskum Seltirningum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS  
 Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utfarin.is](http://www.utfarin.is)  
 Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR  
 Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



# BOSCH

Harðin pakkar  
með notagildi

RAFHLÖDUVÉL  
PSR 14,4Li, 2x2,5Ah

**19.495kr.**

74864116  
Almennt verð: 25.995kr.

14,4V

SKRÚFVÉL  
IXO V & IXOLiPo  
3,6V

**6.745kr.**

748640055  
Almennt verð: 8.995kr.

Ein  
fyrir  
barnið

## BOSCH

smáraftæki

Gerðu  
frábær  
kaup!

25%  
AFSLÁTTUR

takmarkað  
magn

Moomin  
eftirlæti  
allra

MOOMINBOLLI  
30cl. ýmsar gerðir  
**2.895kr./stk**

46304939

OPIÐ

VIRKA DAGA 8-18  
LAUGARDAGA 10-18  
SUNNUDAGA 11-17  
WWW.BYKO.IS



# BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!

